

**Ed.**

## **26. Tillaga**

til þingsályktunar um breyting á erfðalögnum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breyting á erfðalögnum, sérstaklega um afnám útarfa eða takmörkun og skipting slíks erfðafjár, þar er eigi er séð fyrir með erfðaskrá.

### **Greinargerð.**

Sú er raunin, að útarfar renna nú tíðum til þeirra, er arfleifandi hefir eigi þekkt deili á, og eigi ósjaldan þeirra, er síst skyldi, fyrir þá sök, að um dánarféð hefir engin skipun verið gerð. Virðist því ástæða til að haga erfðalöggjöfinni þannig, að alþýða manna þurfi ekki að gera rekistefnu að því, að dánarfé renni til hugþekkra nytjafyrirtækja, guðspakkastofnana eða annars þess, er alþjóðarheill varðar, lands eða héraða.

Hinsvegar sýna slysatryggingalög vor, að rétt getur verið að misjafna með náskyldum.